



Nautavað
Tenging við Tvísteinabraut
Vegur og stofnlagnir

Verksamningur
Apríl 2022

Verksamningur

Gerður á milli Skeiða- og Gnúpverjahrepps, kt. 540602-4410, í samningi þessum nefndur verkkaupi, annars vegar og Arnon ehf., kt. 700608-1660, í samningi þessum nefndur verktaki, hins vegar.

1. grein

Verktaki skal framkvæma verkið:

„Nautavað, tenging við Tvísteinabraut. Vegur og stofnlagirnir“

Um er að ræða gerð bráðabirgðavegar, sem síðar verður notaður sem göngustígur, milli lóðanna Nautavaðs 2 og Nautavaðs 4, Árnosi. Að auki skal grafa upp lagnaskurð meðfram veginum, leggja þar í vatnsveitu, hitaveitu og ljósleiðararör og að lokum ganga frá yfirborði skurðar.

2. grein

Verkið skal unnið í samræmi við eftirtalin gögn:

- Samning þennan
- Verðkönnunargögn, „Nautavað, tenging við Tvísteinabraut. Vegur og stofnlagirnir“ sem send voru verktökum þann 10. janúar 2022 með tölvupósti.
- Tilboð verktaka dags. 26.01.2022 (fylgiskjal A)
- Bréf um staðfestingu á töku tilboðs dags. 03.02.2022 (fylgiskjal B).
- Verkáætlun sem verktaki leggur fram við undirritun samnings (fylgiskjal C)

Framtalin gögn eru hluti þessa samnings.

3. grein

Samningsupphæð skv. tilboði verktaka (fylgiskjal B) er:

kr. 4.594.800 kr., með vsk

skrifað

fjórarmilljónirfimmhundruðníufúögjögurþúsundogáttahundrað

4. grein

Verktaki skal afhenda verkið fullklárað í samræmi við verklýsingu. Verktaki skal hefja framkvæmdir í framhaldi af undirskrift samnings þessa og skal því að fullu lokið **30. apríl 2022**.

Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt verðkönnunar- og samningsgögnum og skal verktaki hafa fjarlægð aðstöðu sína og hreinsað vinnusvæði að fullu.

Óheimilt er að vinna aukaverk eða viðbótarverk nema með skriflegu leyfi verkkaupa.

Um áhættu, váttryggingar og áhættu á skaða fer eftir ákvæðum ÍST 30/2012.


5. grein

Um vanefndir fer eftir ákvæðum ÍST 30/2012 og almennum reglum samningaréttarins eftir því sem við á. Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

6. grein

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.


Dags. 5. apríl 2022


F.h. Verkkaupa

Dags. 05-04-2022


F.h. Verktaka

Vottar að dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila:


Hönnu þínsdóttir 140286 3039
Krisbjörgu Hayden G. 291250-3519

Fylgiskjal A

Nr. 0116

Arnon ehf. Kt. 700608-1660 · GSM 898 6163

Fyrirbætur / Land / Bygging		
Steirið og Gnipuvörðuneyptur		
Virkisgæði	Dagur	
Þorkönnun / Mantavæðs	26-01-2022	
Stærð / Væðing	Stærð	
Ísm við þögn	Notkunar- og álagð tímar vélar	
Kv. við lög	Vinna hefur kt.	Vinnu tölur kt.

Vegur st. verkþýsingar
 $941 \text{ m}^3 \times 2800 \text{ kr/m}^3 = 2634800-$

Lagnastrukur st. verkþýsingar
 $280 \text{ m} \times 7000 \text{ kr/m} = 1960000-$

Verð með virðis auka skatti.

Kv. Guðmundur Einarsson

GAS

SW

Fylgiskjal B



Skeiða- og Gnúpverjahreppur www.skeidgnup.is

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

Árnesi, 3 febrúar, 2022


Arnon ehf.
Kambahrauni 36
810 Hveragerði

Á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 2. febrúar sl. voru tekin fyrir tilboð sem bárust í verkið *Nautavað, Tenging við Tvísteinabraut, vegur og stofnlagnir*. Tvö tilboð bárust, annars vegar frá Arnon ehf. að fjárhæð 4.594.800 kr. og hins vegar sameiginlegt tilboð frá Ólafsvöllum ehf. og Strá ehf. að fjárhæð 4.993.240 kr.

Samþykkt var á fundi sveitarstjórnar að samþykkja lægsta tilboðið og ganga til samninga við Arnon ehf.

Með þökk fyrir þátttöku ykkar í útboðinu tilkynnist framangreint hér með

Fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Sveitarstjóri

Sýlvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri

GAS

SMS

Fylgiskjal C

Verktaki byrjar að keyra í veginn og slétta þann 11. apríl 2022

Lagnaskurður verður tekinn í framhaldinu

Verki verður lokið 30. apríl 2022.

GAS

SUK

Nautavað

Tenging við Tvísteinabraut Vegur og stofnlagnir

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, óskar eftir tilboðum í verkið

„*Nautavað- tenging við Tvísteinabraut*“

Verkið skal framkvæma samkvæmt neðangreindu og öðrum þeim gögnum sem þar er vísað til.

Hér er um verðkönnun að ræða, fá 5 aðilar afhent verðkönnunargögnin en þeir eru:

Arnon ehf.
Nesey ehf.
Núpsverk ehf.
Ólafsvellir ehf.
Strá ehf.

Yfirlit um verkið og staðhættir

Verkið felur í sér gerð bráðabirgðavegar, sem síðar verður notaður sem göngustígur, milli lóðanna Nautavaðs 2 og Nautavaðs 4, Árnesi. Auk þess skal grafa upp lagnaskurð meðfram veginum, leggja þar í vatnsveitu, hitaveitu og ljósleiðararör og að lokum ganga frá yfirborði skurðar. Fylgja skal landslagi eins og kostur er.

Vegurinn:

Vegurinn er um 280 m að lengd og tengir hverfið Nautavað við Tvísteinabraut Árnesi. Skal vegtenging við Tvísteinabraut vera við áhaldahúsið. Vegurinn er um 5 metrar á breidd og hæð hans um 0,6 metrar. Staðsetning og snið vegarins skal vera skv yfirlitsmynd og hnitaskrá sem er fylgiskjal með skjali þessu. Efni vegarsins skal vera burðarhæft, ófrostnæmt og þjappast vel. Áætlað er að rúmmál efnis í veg sé um 941 m³.

Lagnaskurður:

Verktaki skal grafa lagnaskurði, sanda undir viðkomandi lagnir, leggja síðan þær lagnir sem hann á að leggja og sanda yfir, ganga frá aðvörunarborðum og fylla upp í skurðinn.

Lagnaskurður er um 280 m að lengd og skal lega hans vera samhliða ofangreindum vegi. Grafa skal fyrir lögnum skv. teikningu af skurðsniði í yfirlitsmynd og hnitaskrá sem er fylgiskjal með þessu skjali. Áhersla er lögð á að sandur liggi alls staðar að lögnum. Efri hluta sandfyllingar skal leggja í einu lagi og þjappa. Ofan á sand skal verktaki setja aðvörunarborða og fylla í skurð með efni af vettvangi.

Allur gröftur umfram lágmarksskurðsnið skal vera innifalinn í einingarverði. Þá skal leggja í skurðinn lagnir vegna vatnsveitu, hitaveitu og ljósleiðararör.

Verktaki skal gæta þess og ber ábyrgð á að loka ekki skurði fyrr en innmælingum og þrýstiprófunum á lagnakerfi er lokið. Veitustofnanir sjá um tengingu lagna.

GAS
SUN

Efni til verksins:

Verkkaupi leggur til allt efni í fjarskiptalagnir og vatnsveitulagnir. Hitaveita Gnúpverja leggur til allt efni í hitaveitulagnir, þar með talið tengibrunna.

Efni í alla jarðvinnu og fyllingar í lagnaskurð, undir og yfir lagnir og aðvörunarborða, leggur verktaki til.

Innifalið í tilboði:

Jöfnun vegstæðis, efni í veg, útlagning og þjöppun. Gröftur lagnaskurðs, sandur til söndunar umhverfis lagnir, brottflutningur og aðflutningur efnis, færsla efnis innan athafnasvæðis eða útjöfnun eftir því sem við á. Jöfnun undir lagnir, útlagning lagna, söndun undir og yfir lagnir, fylling í skurð. Einnig öryggisráðstafanir eins og við á, frágangur yfirborðs og tafir vegna opinna skurða meðan veitufyrirtæki athafna sig.

Verktaki skal gæta að því að tæki og efni sem hann notar séu ekki skaðleg umhverfinu. Ekki er heimilt að nota vélar sem smita olú og leka eignum sem geta farið út í jarðveginn. Hreinsa skal upp öll efni ef óhapp verður og skal verktaki tilkynna eftirlitsmanni það tafarlaust. Öllu sorpi skal farga á viðurkenndan hátt.

Verkinu skal lokið 15. apríl 2021.

Athugasemdafrestur og tími til fyrirspurna vegna verks þessa rennur út 24. janúar og verður þeim svarað eigi síðar en 25. janúar.

Skila skal inn tilboði í tölvupósti á netfangið sylviakaren@skeidgnup.is fyrir kl 11:00 miðvikudaginn 26. janúar og verða tilboð opnuð þann dag. Í tilboði skal koma fram heildarupphæð verks auk einingarverða fyrir annars vegar meter vegs og hins vegar meter lagnaskurðs þar sem allir verkþættir sem innifaldir eru í tilboði skulu vera innifaldir.

Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt útboðs- og samningsgögnum. Þá skal aðstaða verktaka þar með öll tæki, hafa verið fjarlægð og vinnusvæðið hreinsað að fullu.

Verkefnastjórn verkkaupa er í höndum sveitarstjóra.
Netfangið: sylviakaren@skeidgnup.is Sími: 486-6100.

Umsjón og eftirlit með verkefni hefur Sigurður Unnar Sigurðsson.
Netfangið: sigurdurus@gmail.com Sími: 899-9689.